

Alþingi
Erindi nr. P 136/430
komudagur 11.12.2008



Efnahags- og skattanefnd
Nefndasvið Alþingis
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (211. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að heimilt verði að færa til innskatts á VSK skýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins sep-okt. þó aðeins hluta af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi verið skilað.

Viðskiptaráð fagnar þessu frumvarpi enda lá orðið ljóst fyrir að nýting heimildar til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum myndi ekki borga sig ef aðeins væri heimilt að innskatta þann hluta virðisaukaskattsins sem var gjaldfallinn og greiddur. Ráðuneytið á hrós skilið fyrir hröð handtök í þessu máli.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs